

6. stjórnarfundur Vestfjarðastofu

Fundargerð stjórnarfundar Vestfjarðastofu 4. júní 2018, haldinn í fundarsal Vestrahússins og í fjarfundi kl. 14:00. Mætt voru: Pétur G. Markan, formaður, Hólfríður Vala Svavarsdóttir, , Margrét Jómundsdóttir, Sigurður Hreinsson, Kristján G. Jóakimsson. Í fjarfundi voru Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Jón Örn Pálsson, Víkingur Gunnarsson. Jafnframt sátu fundinn Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðasviðs og Díana Jóhannsdóttir sviðsstjóri atvinnusviðs sem ritar fundargerð.

Boðuð dagskrá var sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Yfirlit yfir starfið í apríl & maí (ekki í gögnum, verður kynnt á fundi)
3. Kynning á verkefnum í vinnslu:
 - Sviðsmyndagreining – kynning á tillögum varðandi sviðsmyndagreiningu
 - Ferðamálastofa – Samningar undirritaðir
 - Lógó Vestfjarðastofu – tillaga kynnt.
 - Athygli – kynning á tillögum varðandi almannatengslaverkefni
4. Ársfundur fulltrúaráðs – dagssetning og dagskrá
5. FV & Vestfjarðastofa – verklag
6. Nefndir, ráð og faghópar Vestfjarðastofu og FV
7. Breytingar á samþykktum Vestfjarðastofu
8. Verklagsreglur
 - Verklagsreglur fyrir stjórn
 - Verklagsreglur fyrir starfsháttanefnd
 - Verklagsreglur fyrir fagrað
 - Verklagsreglur fyrir faghópa
9. Vinna starfsháttanefndar:
 - Þóknun stjórnar
10. Önnur mál

Fundur er settur 14:00 og gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Fundargerð

Fundargerð 4. stjórnarfundar lögð fram til staðfestingar. Áður send í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Yfirlit yfir starfið í apríl & maí :

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfi Vestfjarðastofu í apríl og maí.

3. Kynning á verkefnum í vinnslu:

- a. Sviðsmyndagreining. Kynnt vinnuskjal frá KPMG og Nýsköpunarmiðstöð. Framkvæmdastjóra falið að ræða nánar við tilboðsgjafa.
- b. Ferðamálastofa – samningar lagðir fram til kynningar.
- c. Lógó Vestfjarðastofu kynnt. Tillögur kynntar. Ákveðið að vinna áfram með tillögu 3 og framkvæmdastjóra falið að halda áfram með þá vinnu.
- d. Athygli – tillögur varðandi almannatengsl kynntar. Framkvæmdastjóra falið að halda áfram með þá vinnu.

4. Ársfundur fulltrúaráðs

Ákveðið að halda ársfund á suðursvæði Vestfjarða 29. júní.

5. FV og Vestfjarðastofa – verklag.

Tillaga að útfærslu rædd. Stjórn telur málið þurfa meiri umræðu og afgreiðslu frestað.

6. Nefndir, ráð og faghópar Vestfjarðastofu og FV.

Tillaga um skipulag nefnda, ráða og faghópa lögð fram og samþykkt af stjórn.

7. Breytingar á samþykktum Vestfjarðastofu.

Stjórn samþykkir að leggja breytingar á 3 & 8 greinar í samþykktum Vestfjarðastofu fyrir fulltrúaráð á ársfundi 29. júní.

8. Verklagsreglur

Lið Frestað til næsta fundar.

- a. Verklagsreglur fyrir stjórn
- b. Verklagsreglur fyrir starfsháttanefndar
- c. Verklagsreglur fyrir fagráð
- d. Verklagsreglur fyrir faghópa

9. Vinna starfsháttanefndar:

- a. Þóknun stjórnar. Ákvörðun starfsháttanefndar um þóknun stjórnar lögð fram til kynningar.

10. Önnur mál

- a. Orkumáláþing. Formaður leggur til að Vestfjarðastofa haldi málþing um raforkumál Vestfjarða í haust. Samþykkt að halda slíka fundi í samhengi við önnur kynningarmál sem eru í vinnslu.
- b. Haldinn verði stjórnarfundur 29. júní í samhengi við ársfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55